

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 389/1995.

**Pétur Stefánsson**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Sigurði E. Sigurðssyni**

(Arnmundur Backman hrl.)

Sjómenn. Vinnusamningur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1995 og krefst þess, að sér verði einungis gert að greiða stefnda 10.195 krónur með vöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á, að bakveiki sú, er gerði stefnda óvinnufæran 11. júní 1993, hafi verið veikindi, en ekki meiðsl í skilningi fyrsta málsliðar 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Einnig verður fallist á það með héraðsdómara, að við þær aðstæður, sem upp komu vegna veikinda stefnda, er skipið var við veiðar á „Flæmska hattinum“ undan Nýfundnalandi, hafi skipstjóri átt kost á því að koma stefnda til lands eða halda áfram veiðiferð. Skipstjóri valdi síðari kostinn, sem leiddi til þess, að stefndi var áfram á skipinu til loka veiðiferðarinnar og þar með á þeim tíma „í þjónustu útgerðarmanns“, sbr. orðalag lokamálsliðar 1. mgr. 36. gr. laganna. Vegna þessa og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð :**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur Stefánsson, greiði stefnda, Sigurði E. Sigurðssyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. október 1995.**

Mál þetta var þingfest 28. mars 1995 og tekið til dóms 6. október sl. Stefnandi er Sigurður E. Sigurðsson, kt. 140954-2769, Miðtúni 36, Reykjavík, og stefndi Pétur Stefánsson, kt. 141043-4559, Dalvegi 18, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 413.602 króna með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. 9. 1993 til greiðsludags, en til vara til greiðslu 214.404 króna með dráttarvöxtum frá sama tíma til greiðsludags. Málskostnaðar er krafist.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði einungis dæmdur til greiðslu 10.195 króna með vöxtum skv. ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987. Málskostnaðar er krafist.

**I.**

Stefnandi réð sig sem háseta á rækjutogarann Pétur Jónsson, RE-69. Var hann ráðinn til afleysinga í eina veiðiferð, sem stóð frá 16. apríl til 14. maí 1993, en var afskráður í lok veiðiferðar. Stefnandi var aftur ráðinn sem afleysingaháseti 9. júní 1993, og stóð sú ferð til 9. júlí s. á., og var hann þá enn að nýju afskráður.

Pegar stefnandi var í síðari veiðiferðinni, fékk hann sting í bakið 11. júní, er hann var að toga í höfuðlínu vörpunnar undan bobbingalengju. Skipið var þá á Nýfundnalandsmiðum. Var hann í léttum störfum eftir þetta, en 15. júní var svo komið, að hann gat ekkert unnið og var mest í koju eftir það. Skipið hélt áfram veiðum og kom ekki til hafnar fyrr en 9. júlí 1993. Í lækni-svottorði segir, að stefnandi sé með brjós-klos í mjóbaki og skurðaðgerð sé nauðsynleg, ef hann lagist ekki. Hann hafi verið óvinnufær frá 11. júní fram til 2. september 1993.

**II.**

Ágreiningslaust er í málinu, að stefnandi fékk báðar veiðiferðir sínar greiddar að fullu hjá stefnda og hefur því fengið greiddan óskertan hlut til 9. júlí 1993.

Ágreiningur aðila er um eftirfarandi atriði:

1. Stefnandi heldur því fram, að hann eigi að fá greidd laun í tvo mánuði skv. 1. mgr. 36. gr. sjómanna-laga nr. 35/1985, en þar segir, að verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, meðan á ráðningartíma stendur, skuli hann fá full laun, meðan hann er óvinnufær, þó ekki lengur en í tvo mánuði. Vísar stefnandi til þess, að hann hafi orðið fyrir meiðslum.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi orðið fyrir meiðslum eða slysi. Hann hafi fengið brjós-klos í baki, og sé það sjúkdómur. Þá bendir stefndi á lokamálslið 1. mgr. 36. gr. sjómanna-laga, þar sem segir, að skipverji, sem forfallist vegna veikinda, eigi þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hef-

ur verið í þjónustu útgerðarmanns. Þessari túlkun stefnda mótmælir stefnandi og bendir á, að takmörkun sú, sem fram komi í tilvitnuðu ákvæði, eigi einungis við forföll vegna veikinda, en ekki vegna meiðsla, eins og stefnandi hafi orðið fyrir. Stefnandi eigi því rétt á forfallalaunum í 60 daga, þar sem hann hafi orðið fyrir meiðslum í skilningi 1. málsliðar 36. gr., en hafi ekki forfallast vegna veikinda í skilningi lokamálsliðar 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga.

2. Ef ekki verður fallist á ofangreind sjónarmið stefnanda, er því fram haldið, að hann eigi allt að einu rétt á forfallalaunum í 60 daga. Hann hafi unnið 29 daga í fyrri sjóferð og 31 dag í hinni seinni. Þó að hann hafi verið veikur mestalla veiðiferðina, beri að miða við lögskráningu, því að hann hafi verið í skiprúmi allan tímann og ráðningarsambandi ekki lokið, fyrr en skipið sigldi í höfn. Þá hafi hann loks komist undir læknishendur. Meðan stefnandi var staddur um borð í skipi stefnda, hafi hann verið í hans þjónustu í skilningi 36. gr. sjómannalaga. Við mat á orðalaginu „í þjónustu útgerðarmanns“ í 1. mgr. 36. gr. verði og að líta til ákvæða laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna. Túlka beri ákvæði þeirra laga þannig, að skipverji sé í þjónustu útgerðarmanns, meðan hann sé lögskráður. Þá beri einnig að líta til laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laganna teljist fjarvistir frá vinnu vegna veikinda eða slysa til unnins vinnutíma í skilningi laganna. Af hálfu stefnanda er við það miðað, að lögjafna megi frá þessu ákvæði laga nr. 19/1979. Verði lögjöfnun talin tæk, teljist veikindatímabil stefnanda frá 11. júní til 9. júlí 1993 unninn vinnutími.

Stefndi lítur aftur á móti svo á, að stefnandi hafi forfallast vegna veikinda 11. júní 1993. Eftir það hafi hann verið óvinnufær skv. læknisvottorði og ekki getað sinnt störfum, þar til skipið kom til hafnar 9. júlí s. á. Stefnandi hafi unnið 29 daga hjá stefnda í fyrri sjóferð og tvo daga í þeirri síðari. Því eigi hann aðeins rétt til veikindalauna fyrir þann dagafjölda, þ. e. 31 dag, samkvæmt niðurlagsákvæði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga. Eðli málsins samkvæmt beri að reikna veikindalaun, frá því að maður veikist og verður óvinnufær. Ekki eigi að miða við komu skips til hafnar. Ástandið óvinnufærni sé hið sama, hvort sem sjúklingur er á sjó, heimili sínu eða sjúkrahúsi.

3. Varakrafa stefnanda er reist á því, að verði ekki talið, að um slys hafi verið að ræða í skilningi 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, og því jafnframt hafnað, að telja beri upphaf forfalla stefnanda frá þeim degi, er skip stefnda kom að landi, skuli líta svo á, að stefnandi eigi rétt á því, að sér verði greidd forfallalaun tvo mánuði frá slysdegi, þ. e. frá 11. 6. 1993. Samkvæmt þessu eigi stefnandi rétt á því, að sér verði greidd veikindalaun frá 11. 6. 1993 til

11. 8. 1993. Varakrafa stefnanda er því sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 213.303 kr.

Stefndi mótmælir varakröfu stefnanda með sömu rökum og að framan greinir.

## III.

Stefnandi sundurliðar aðalkröfu sína þannig:

Kauptryggingartímabil 9. 7. 1993 til 23. 7. 1993:

Föst kauptrygging 17 dagar $\times$ 2.257	kr.	38.369
Fatapeningar 17 $\times$ 122	kr.	2.078(?)
Fæðispeningar 17 $\times$ 705	kr.	11.985
Orlof	kr.	5.332
Samtals	kr.	57.764

Heildaraflahlutur tímabilið 27. 7. 1993 til

31. 8. 1993

	kr.	352.440
--	-----	---------

Kauptrygging fyrir 1. 9. 1993

	kr.	2.257
--	-----	-------

Fatapeningar	kr.	122
--------------	-----	-----

Fæðispeningar	kr.	705
---------------	-----	-----

Orlof	kr.	314
-------	-----	-----

Samtals	kr.	3.398
---------	-----	-------

Samtals	kr.	413.602
---------	-----	---------

---

Varakrafan sundurliðast þannig:

Föst kauptrygging 17 dagar $\times$ 2.257	kr.	38.369
---	-----	--------

Fatapeningar 17 $\times$ 122	kr.	2.078(?)
------------------------------	-----	----------

Fæðispeningar 17 $\times$ 705	kr.	11.985
-------------------------------	-----	--------

Orlof	kr.	5.332
-------	-----	-------

Samtals	kr.	57.764
---------	-----	--------

Hlutfallslegur aflahlutur tímabilið 27. 7. 1993

til 11. 8. 1993

	kr.	156.640
--	-----	---------

Samtals	kr.	214.404
---------	-----	---------

---

## IV.

Aðilar deila um túlkun 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, þar sem kveðið er á um rétt skipverja til launa í veikinda- og slysaforföllum. Deila þeir annars vegar um upphafsákvæði 1. mgr. 36. gr., hvornig skilja beri orðin „sjúkdómur“ og „meiðsl“, og hins vegar deila þeir um niðurlagsákvæði 1. mgr.

36. gr., sem takmarkar rétt skipverja til launa, er þeir forfallast vegna „veikinda“.

Samkvæmt upphafsákvæði 36. gr. laga nr. 35/1985 skal skipverji, sem verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, er hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, eigi missa neins í af launum sínum, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en í tvo mánuði. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 35/1985 segir í athugasemdum um 36. gr., að ef um slys, vinnuslys eða atvinnusjúkdóm sé að ræða, takmarkist réttur skipverja til tveggja mánaða launa ekki af lengd starfstíma hjá útgerðinni. Ef hins vegar um veikindi er að ræða, eru veikindalaun háð þeim tíma, sem skipverji hefur starfað hjá útgerðinni. Telja verður samkvæmt þessu, að það hafi verið vilji löggjafans, að takmörkunarákvæði 36. gr. giltu einungis um veikindi, en réttur til launa í tvo mánuði sé skýlaus, ef um slys eða atvinnusjúkdóm er að ræða.

Ekki verður fallist á með stefnanda, að brjós-klos í hrygg eigi undir upphafsákvæði 36. gr. Með hlidsjón af athugasemdum við 36. gr., er frumvarpið var lagt fram á Alþingi, verður að túlka orðið „meiðsl“ á þann veg, að það eigi við slys eða einhvern annan óvæntan utanaðkomandi atburð, sem leiði til þess, að skipverji slasast eða meiðist. Stefnandi var við venjubundin störf á dekki, er hann fékk í bakið. Bakveiki verður því hvorki talin atvinnusjúkdómur né slys í merkingu upphafsákvæða 36. gr., og gilda því takmörkunarákvæði niðurlagsákvæðis 1. mgr. 36. gr. um veikindi stefnanda.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 1. mgr. 36. gr. ber að taka tillit til þess tíma, sem stefnandi vann hjá stefnda, eða eins og þar segir, að skipverji, sem forfallast vegna veikinda, eigi ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns. Í þessu sambandi deila aðilar um, frá hvaða tíma sjómenn byrja að taka veikindaleyfi og eiginlegar kaupgreiðslur hætta. Telur stefnandi, að miða eigi við þann tíma, er skipið sigldi í höfn, en stefndi telur, að miða beri við, er skipverji veikist og verður óvinnufær.

Í 23. gr. sjómannalaga segir, að skipstjóri geti vikið skipverja úr skiprúmi, ef skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa. Segir jafnframt, að ákvæði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga eigi þá við um rétt skipverja til launa. Skipstjóri á þess því kost að sigla með veikan skipverja í land, ef hann kýs svo, eða halda áfram veiðiferð, ef ekki er um bráðatiltvik að ræða. Hagsmunamat kann að ráða því, hvor kosturinn er valinn. Í þessu tilviki var ákveðið að halda áfram veiðiferð. Þegar skorið er úr um, við hvaða tímamark skuli miða, þykir bera að líta til 23. gr. sjómannalaga. Stefndi kaus að halda veiðiferð áfram, og varð stefnandi að hlíta því. Þykir því bera að miða við, að ráðningarsambandi aðila hafi ekki lokið,

fyrir en skipið kom í höfn og stefnandi átti þess kost að fara af skipi, þ. e. vinnustað sínum.

Verður því talið, að stefnandi hafi verið í þjónustu útgerðarmanns í 60 daga og eigi því rétt á forfallalaunum í 55 daga fram til 2. september 1993, en þá varð hann vinnufær. Verður fallist á aðalkröfu stefnanda, sem hefur ekki sætt tölulegum mótmælum. Niðurstaða málsins er því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 413.602 kr. með vöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1993 til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað. Ekki er þá tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Pétur Stefánsson, greiði stefnanda, Sigurði E. Sigurðssyni, 413.602 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1992 til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað.

---